



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun PFS nr. 2/2013 um breytingar á viðmiðunartilboði Mílu

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 7. september 2011, tilkynnti Míla að fyrirtækið hygðist leggja niður vöru sem nefnd hefur verið „sérlausnir á Etherneti“, en um væri að ræða hluta af nýrri leigulínuverðskrá sem tekið hafði gildi 1. ágúst 2011. Telur Míla að komið hafi í ljós gallar á framsetningu vörunnar og túlkun viðskiptavina sem leiði til þess að forsendur fyrir sérlausninni séu brostnar. Einnig hafi ný leigulínuverðskrá það í för með sér að þessi vara þjóni ekki lengur upphaflega tilgangi sem henni var ætlað, en verði hins vegar til þess að auka flækjustig.

Forsaga þjónustunnar er sú að fjarskiptaaðilar töldu þágildandi leigulínuverðskrá Mílu hamlar því að þeir gætu veitt internetþjónustu eins og ADSL þjónustu á fámennari svæðum þar sem sú þjónusta væri ekki fyrir hendi. Einnig hafi verið rætt um að koma til móts við þá staði þar sem fjarskiptaaðilar töldu sig reka ADSL þjónustu með tapi. Forsenda Mílu fyrir þessari sérlausn var að koma til móts við fámenn svæði þar sem væru færri en 200 heimtaugar. Þá var miðað við að gagnaflutningshraði stofnlínunnar væri að hámarki 155 Mb/s og ætti að deilast sem samsvarði 1 Mb/s á notanda. Bandvídd ætti að miðast við þann fjölda sem nýtti línuna.

Í skilmálum vegna vörunnar hafi Mílu láðst að setja fram hámark á gagnaflutningsþjónustu og virðist það valda misskilningi hjá viðskiptavinum. Að sögn Mílu er ljóst að forsendur verðlagningarinnar eru brostnar ef um meiri gagnaflutningshraða en 1 MB/s á hvern viðskiptavin er að ræða. Í raun verður verð fyrir þjónustuna langt undir kostnaðargreindu verði ef Míla afhendir meiri hraða á hvern viðskiptavin heldur en 1 Mb/s. Þar sem aðeins fáir viðskiptavinir væru mögulegir á slíku sambandi myndi það grafa undan þeirri grundvallarhugsun sem lá að baki þjónustunni af hálfu Mílu. Nefnir Míla sem dæmi að viðskiptavinir hafi pantað 20-30 Mb/s Ethernet samband fyrir fyrirtæki og hyggjast nota það til þess að veita fyrirtækjum 20-30 mb/s þjónustu. Miðað við þessar forsendur gætu einungis 7 fyrirtæki verið á 155 Mb/s sambandi og engir einstaklingar. Þetta grafi undan viðskiptamódeli Mílu sem einungis fengi þá um 8.000 kr. fyrir 155 mb/s samband. Það leiði augljóslega til undirverðlagningar á sambandinu.

Fram hafi komið þegar sérlausnin hafi verið kynnt á sínum tíma að ekki hafi verið um að ræða tryggðan gagnaflytningshraða. Við aðgang að hverjum tilteknum stað var 155 Mb/s sambandi að hámarki ætlað til skiptanna fyrir alla viðskiptavinum á svæðinu.

Máli sínu til stuðnings bendir Míla á eftirfarandi skilmála þjónustunnar:

2.6. Skilmálar fyrir sérlausnir á etherneti

„Í tengslum við aðgang að heimtaug á þeim stöðum sem koma fram í viðauka þessum; skrá yfir tengistaði, býður Míla upp á gagnasambönd frá næsta hnútpunkti leigutaka að búnaði þeim sem tengist heimtaugum. Um er að ræða lausn sem lýtur að því að leysa fjarskiptaparfir minni sveitarfélaga. Þjónusta Mílu felst í að koma hæfilega bandbreidd sambandi frá næsta hnútpunkti að búnaði leigutaka sem tengist heimtaugum en bandbreidd sambandsins, sem og upphaf og endir, er háð samningi aðila.

Gagnasambandið getur verið allt að 155 Mbit/sek. Miðað er við að bandbreidd á tengda línu sé ekki lægri en 1 Mbit/sek á hvern tengdan notanda hjá leigutaka. Verð fyrir þessa þjónustu miðast við fjölda heimtauga sem tengjast gagnasambandinu. Tengingar leigutaka á tengiskilum Mílu geta verið um ADSL, ljósnet eða þráðlaus sambönd. Um er að ræða takmarkaða bandbreidd.

Samningurinn tekur eingöngu til þeirra staða þar sem þjónustusali þarf ekki að fara í verulegar fjárfestingar. Þjónustan er einungis í boði á stöðum er fram koma í listanum hér á eftir. Þá áskilur þjónustusali sér rétt til að hafna tengingu ef innviðir eru ekki til staðar. Áætlað er að þetta tilboð nái til svæða þar sem um er að ræða færri en 200 notendur (ca 140 staðir) Þjónustusali getur hafnað tengingu ef notkun sambandsins er ekki í samræmi við framangreint.“

Bendir Míla á að ekki sé sérstaklega tekið fram í skilmálum að þjónustan sé ekki ætluð fyrirtækjum og telst það vera galli á framsetningu þjónustunnar sem ekki var fyrirséður.

Ein af forsendum PFS í ákvörðun nr. 14/2011 var að „sérlausnir á Etherneti“ Mílu séu verðlögð með þeim hætti að hún geti að jafnaði ekki verið hagkvæmari kostur, en samband skv. almennri verðskrá, ef fjöldi tenginga til endanotenda eru 200 eða færri á einstökum stöðum.

Veruleg lækkun hafi orðið á verðskrá til viðskiptavina Mílu, sérstaklega vegna bandbreiddari sambanda. Þannig telur Míla að komið sé til móts við viðskiptavinum Mílu um verð á bandbreiddari samböndum. Að mati Mílu er því þörf fyrir þessa sérlausn ekki lengur fyrir hendi og því rétt að leggja hana niður.

II. Málsmeðferð

1.

Með tilkynningu á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar þann 14 september 2011 var erindi Mílu sett í opið samráð. Athugasemdir bárust frá einu fjarskiptafyrirtæki, Snerpu á Ísafirði, dags. 27. september 2011.

2.

Í athugasemdum fyrirtækisins er farið í löngu og ítarlegu máli, alls á 13 blaðsíðum, yfir samskipti fyrirtækisins við Mílu vegna „sérlausnar á Etherneti“. Hér á eftir verður hins vegar einungis gerð grein fyrir þeim atriðum í umsögn fyrirtækisins sem að mati PFS skipta máli varðandi efnisúrlausn málsins.

2.1.

Forsaga málsins

Í athugasemdum Snerpu er m.a. vikið að því að það hafi verið Míla sem átt hafi frumkvæði að vöruframboðinu. Með tilkynningu dags. 27. ágúst 2010 greini PFS frá tillögu Mílu um breytingar á viðmiðunartilboði „þar sem um er að ræða nýja þjónustu sem sérstaklega er sniðin að þörfum minni sveitarfélaga þar sem Míla er ein á stofnlínemarkaði.“

Eftir að Snerpa hafi kynnt sér tillögu Mílu hafi fyrirtækið ekki séð ástæðu til annars en að fagna henni enda hafi sá skilningur verið lagður í hana, að hægt væri að notfæra þessa vöru við markaðssetningu á xDSL-þjónustu í smærri þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum. Fyrirtækið hafi því farið að skoða verð á búnaði til að veita slíka þjónustu m.v. að PFS myndi samþykkja tillöguna.

Með ákvörðun PFS nr. 2/2011 hafi stofnunin tekið afstöðu til tillögu Mílu um „sérþjónustu á Etherneti“, sbr. kafli 4 í ákvörðun stofnunarinnar, en þar komi m.a. eftirfarandi fram um þjónustuna:

„Þjónusta Mílu felst í að koma hæfilega bandbreiðu sambandi frá næsta hnútpunkti að búnaði leigutaka sem tengist heimtaugum en bandbreidd sambandsins, sem og upphaf og endir, er háð samningi aðila. Gagnasambandið getur verið allt að 155Mbit/sek. Miðað er við að bandbreidd á tengda línu sé ekki lægra en 1 Mbit/sek á hvern tengdan notenda hjá leigutaka. Verð fyrir þessa þjónustu miðast við fjölda heimtauga sem tengjast gagnasambandinu. Tengingar leigutaka á tengiskilum Mílu geta verið um ADSL, ljósnet eða þráðlaus sambönd. Um er að ræða takmarkaða bandbreidd.“

Jafnframt hafi komið fram að verð fyrir þennan gagnaflutning skuli vera 1000 kr./mánuði á hverja tengda heimtaug hjá notenda.

Hvað varðar tengipunkt þá kom fram að næsti tengipunktur væri ekki í Reykjavík. Samkvæmt því hafi Snerpa mátt líta svo á, að t.d. næsti tengipunktur við Flateyri væri Ísafjörður eða Suðureyri og skv. línuleiðum væri næsti tengipunktur við Suðureyri þá Flateyri og næsti tengipunktur við Þingeyri væri annaðhvort Ísafjörður eða Bíldudalur.

Einnig vísaði Snerpa til þess að fram hafi komið hjá Mílu að ef þær aðstæður sköpuðust að notendafjöldi á tilteknu símstöðvarsvæði færi yfir 200 þá gæti tilboðið samt sem áður gilt áfram, þ.e. að nýjar aðstæður ættu ekki að raska fyrri forsendum fjarskiptafyrirtækis og að Míla gerði ekki ráð fyrir að víkja frá þessu tilboði þó svo að fjölgun verði eitthvað yfir 200 og að fyrirtækið gerði ekki ráð fyrir að um væri að ræða yfirbókuð sambönd og að fjárfesting miði við 500.000 kr. til að útvega þau stofnsambönd sem þarf til að veita þjónustuna.

Þá vísar Snerpa til ákvörðunar PFS nr. 2/2011, frá 16. febrúar 2011 þar sem eftirfarandi komi fram á bls. 28:

Að áliti PFS er mikilvægt að aðgangur landsmanna að fjarskiptaþjónustu sé eins jafn og frekast er kostur þannig að allir eigi kost á sambærilegri þjónustu. Í ljósi þessa telur PFS að

sú lausn sem Míla hefur þróað á Etherneti sem valkost fyrir þjónustuveitendur mikilvægt skref í þá átt að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptaþjónustu.

Telur fyrirtækið það vera mikla afturför ef stíga eigi þetta skref til baka.

2.2.

Um samninga Snerpu

Eftir að viðmiðunartilboðið hafi verið samþykkt hafi fyrirtækið farið í að panta þann búnað sem þyrfti enda ljóst af samtölum við Mílu að sambönd yrðu í boði á hinum fyrirhuguðu stöðum.

Einnig hafi verið unnið að samningi við Ísafjarðarbæ um kaup á xDSL- þjónustu á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri til [...] ¹ ára, en ein forsendan sem Snerpa hafi gefið sér til þess að vænlegt væri að stofnsetja xDSL þjónustu á þessum stöðum, var að fyrir lægi langtímasamningur við a.m.k. einn stærri viðskiptavin (stærri viðskiptavinir flokkast sem þeir sem kaupa [...] eða fleiri tengingar) til að hægt væri að tryggja eðlilegan afskriftartíma á stofnkostnaði. Jafnframt hafi verið send fyrirspurn til Mílu þann 8. mars 2011 um hýsingu á búnaði, aðgang að tengigrind og stofnsamböndum vegna þessarar þjónustuleiðar. Fram hafi komið hjá Mílu að ekki hafi verið hægt að taka við pöntunum strax því það þyrfti fyrst að klára tiltekna vinnu þeirra megin.

Snerpa hafi m.a. gengið frá samningum um hýsingu, kannað hvort bandvídd væri tiltæk fyrir ætluð stofnsambönd sem reyndist vera jafnframt sem fyrirtækið hafi skilað inn að beiðni Mílu áætlun um bandvíddarþörf vegna stofnsambandanna og hafi það verið gert þann 6. júní 2011.

Áætlun félagsins hafi m.a. byggst á samningum sem fyrirtækið var að gera við aðila á Suðureyri, Þingeyri, Flateyri og Bíldudal, en áður en til þeirra samninga kom hafi fyrirtækið ávallt leitað eftir staðfestingu á því frá Mílu að bandvídd væri til staðar á viðkomandi stöðum.

Um þær breytingar sem urðu með tilkomu þessa nýja þjónustuframboðs af hálfu Mílu, sagði Snerpa m.a.:

„Rétt er að minna á hér að með þessu breyta þjónustuframboði á fjarskiptaleiðum á Bíldudal, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri voru nú skyndilega í boði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir á þessum stöðum mun öflugri sambönd þ.e. allt að 16 Mb/s ADSL- sambönd (var 9 Mb/s áður) og 10 Mb/s VDSL-sambönd (mest 8 Mb/s niður og 2,5 Mb/s upphraði áður). Óumflýjanlega var þetta því mikilvægt skref í þá átt að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptaþjónustu sbr. yfirlýst markmið PFS.“

2.3.

Tilkynning Mílu um að leggja eigi vöruna niður

Þann 30 ágúst 2011 hafi síðan borist póstur frá Mílu þar sem tilkynnt var að leggja ætti vöruna niður þar sem hún skekkti samkeppni. Jafnframt hafi fyrirtækið upplýst að borist hefðu þrjár pantanir á samböndum á leiðinni Ísafjörður-Flateyri en ekki hafi verið hægt að afgreiða neina þeirra þar sem Snerpa hafi tekið alla tiltæka bandvídd á þeirri leið og farið var fram á að Snerpa skilaði hluta af bandvíddinni svo fljótt sem hægt væri.

¹ Fellt út vegna trúnaðar það sama gildir um aðrar upplýsingar innan hornklofa.

Eftir umþóttun hafi Snerpa samþykkt að gefa eftir umbeðna bandbreidd og minnka sambandið á Flateyri í 20 Mb/s til að liðka fyrir uppkominni stöðu.

Þá hafi Míla einnig samþykkt að ljúka við að afgangi 20 Mb/s samband á Bíldudal við fyrsta tækifæri, skv. þjónustuleiðinni „sérlausnir á ethernet“ enda hafi varan ennþá verið í sölu og verði þar til ákvörðun PFS liggja fyrir um annað.

Vegna fyrirhugaðra breytinga hafi Snerpa m.a. komið eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

„Starfsmönnum söludeildar Mílu var gerð grein fyrir að þessi fyrirhugaða breyting myndi raska verulega öllum áætlunum Snerpu um sölu á xDSL-þjónustu í þessum byggðakjörnum en lagt hefði verið upp með að Snerpa gæti greitt kostnað vegna stofnsambands af framlegð þannig að hægt yrði að bjóða þjónustuna á sama verði og á Ísafirði. Erfitt væri að sjá slíkt ganga upp mv. að kostnaður vegna stofnsambanda myndi fyrirsjáanlega margfaldast mv. það sem var lagt upp með. Tillaga söludeildar Mílu var þá að Snerpa hyrfi frá þeirri verðstefnu og tengingar í byggðakjörnunum yrðu einfaldlega dýrari vegna þessa aukna kostnaðar. Var þá bent á það af Snerpu hálfu að í samningum við viðskiptavinum væri miðað við að verð á þessum stöðum væri í beinum tengslum við verð fyrir sömu þjónustu á Ísafirði og gerður hefði verið langtímasamningur. Það væri einnig markmið Snerpu að gæta jafnræðis í verði gagnvart viðskiptavinum, væri á annað borð veitt þjónusta á viðkomandi stað. Væri verðið hækkað úti í byggðakjörnunum yrði að hækka verð jafnframt á Ísafirði og við það myndi Snerpa verðleggja sig út af markaði á Ísafirði.“

Fyrirtækið hafi fjárfest í búnaði, vinnu og gerðir hafi verið samningar til [...] ára við viðskiptavinum sem og Mílu varðandi hýsingu, vegna þjónustuleiðar sem Míla hafi boðið að eigin frumkvæði, fengið samþykka hjá PFS og ákvað síðan fyrirvaralaust að draga til baka.

Jafnframt benti Snerpa á að í umsagnarferlinu hafi komið fram að þjónustan yrði í boði áfram þótt aðstæður myndu á markaði myndu breytast, t.d. viðmið um 200 notendalínur. Af þessu hafi verið dregin sú ályktun af hálfu fyrirtækisins að óhætt hafi verið að gera langtímasamninga við Mílu og viðskiptavinum fyrirtækisins.

Þá telur Snerpa ljóst að við það að bjóða þjónustuleiðina „sérlausnir á ethernet“ opnast tækifæri fyrir Mílu á sölu á hýsingarplássi í símsstöðvum á smærri byggðarkjörnum beinlínis vegna þess að þessi þjónusta er í boði þannig skapist afleiddar tekjur af þjónustuframboðinu.

Snerpa hafi t.d. greitt samtals kr. [...] fyrir fyrsta mánuðinn sem fyrirtækið var í viðskiptum við Mílu, sem myndi hækka um [...] % ef tekið yrði tillit til stofnlínukostnaðar.

Slík niðurstaða væri algerlega óviðunandi fyrir fyrirtæki eins og Snerpu. Það verði að vera hægt að treysta því að horfur og forsendur fyrir rekstri á fjarskiptaþjónustu séu það stöðugar að óhætt sé að gera viðskiptasamninga til lengri tíma.

2.4.

Um forsendur Mílu fyrir breytingunum og túlkun viðskiptavina, sagði Snerpa m.a.

Um það sjónarmið Mílu að fram hafi komið gallar í framsetningu vörunnar og túlkun viðskiptavina á henni sem leið til forsendubrest, þá hafi komið fram hjá Mílu að Snerpa væri eini kaupandinn á þessari vöru. Einnig hafi hvergi komið fram í samskiptum Snerpu og Mílu neinn ágreiningur eða mismunandi túlkun á einstöku atriðum við framkvæmd og uppsetningu þjónustunnar. Snerpa hefði heldur ekki orðið var við að Míla teldi vera neina galla í

framsetningu utan athugasemdar um að skráningarkerfi Mílu væru ekki tilbúin þegar pöntun kom fram fyrst.

Um túlkun viðskiptavina sagði Snerpa m.a.:

„Hvað varðar túlkun viðskiptavina á vörinni er Snerpu fyrirmunad að sjá að einhver rangtúlkun hafi átt sér stað. Þegar rætt var við starfsmenn Mílu í síma um hugsanlega bandbreidd, var þeim strax gerð grein fyrir því að til staði að setja upp xDSL búnað, svokallaðan DSLAM (Digital Subscriber Access Multiplexer) í hýsingu í símsstöðvum þar sem í boði yrði síðan bæði ADSL og VDSL þjónusta fyrir viðkomandi byggðarkjarna“

Tiltók Snerpa að þjónustan yrði fyrst um sinn boðin sem allt að 10 Mb/s VDSL og allt að 16 Mb/s ADSL þjónusta. Vegna þess þyrfti bakbein (Ethernet stofnsamband á stofnkerfi Mílu) sem væri helst [...] sinnum sú bandbreidd sem boðin yrði einstökum notendum eða [...] Mb/s eða þar sem næst. Starfsmenn Mílu hafi athugað málið með hvað væri til af lausri bandbreidd og komist að þeirri niðurstöðu að hægt yrði að veita þjónustuna en þó væru ekki tiltæk [...] Mb/s alls staðar, einungis [...] Mb á Suðureyri og Þingeyri en hægt yrði að afgreiða allt að [...] Mb/s á Flateyri. Hafi Snerpa verið beðin um að skila inn áætlun um bandviddarþörf og jafnframt spurt hvort þessi bandbreidd fullnægði þörfum Snerpu.

Áætlun hafi verið send inn og þess getið að Snerpa myndi ekki óska eftir að Míla færi í fjárfestingar til að auka burðargetu fram yfir þá bandvidd sem Míla sagði vera í boði að óbreyttu. Frekar yrði beðið með aukningu á bandbreidd á stofnsambandi þar til Míla þyrfti að fara í fjárfestingar vegna annarra þarfa. Míla hafi síðan afgreidd samböndin án frekari umræðu.

2.5.

Um nýja leigulínuverðskrá

Um vísun Mílu til nýrrar leigulínuverðskrá og að varan þjóni ekki upphaflega tilgangi sínum og að hún auki flækjustig sagði Snerpa m.a.:

„...umrædd leigulínuverðskrá var í bígerð og svo gott sem vitað að hún myndi taka gildi á árinu þegar samþykkt var að „sérlausn á Etherneti“ skyldu teknar inn í viðmiðunartilboðið.

Snerpa er mjög ósammála þeirri fullyrðingu Mílu um að varan þjóni ekki sínum upphaflega tilgangi. Það lá fyrir að þegar hún var sett fram að hún myndi ekki skekkja samkeppni þar sem lausnin er einungis í boði á þeim stöðum þar sem Míla er eina fyrirtækið á leigulínumarkaði. Þá var sömuleiðis ljóst að smærri byggðarlög myndu njóta góðs af þar sem auðveldara yrði að fara af stað með t.d. þá þjónustu sem Snerpa hóf að bjóða.

Öllum fjarskiptafélögum stendur leiðin til boða en þó er rétt að geta þess, að sé ekki mjög mikil bandbreidd á lausu á viðkomandi stað, að þá hlýtur að gilda að „fyrstur kemur, fyrstur fær“ regla hvað varðar aðgang að „afgangsbandbreidd“. Um leið gildir að sá sem nýtir sér þessa leið getur ekki ætlast til þess af Mílu að bandbreidd verði aukin eftir þörfum upp að 155 Mb/s nema sú bandbreidd sé fyrir hendi og hefur Snerpa fullan skilning á því.

Snerpa hafnar því fortakslaust að það auki flækjustig að varan sé í boði. Kaupendur að þjónustunni, sem og að allri þjónustu Mílu er fjarskiptafyrirtæki, þar sem fyrir hendi er mikil þekking á fjarskiptamálum og þeir sem skipuleggja kaup á fjarskiptaþjónustu af Mílu er vel inn í því hvernig viðmiðunartilboð er framsett og um hvaða valkosti er að ræða. Það sést m.a. á því að Snerpa gerði fyrirfram kannanir á lausri bandbreidd hjá Mílu á þá staði sem ætlunin

var að setja upp þjónustu á. Ekki var gengið frá samningum fyrr en staðfest hafði verið hvaða bandvidd var fyrir hendi.

Þegar varan var í umsögn hjá PFS var í samtölum við sölu Mílu bent á að 1 Mb/s pr. notanda sem lágmarksbandbreidd væri naumt skammtað og að ekki yrði hægt að veita xDSL-þjónustu með það viðmið að t.d. 6 notendur í upphafi myndu einungis hafa aðgang að 6 Mb/s bakbeini. Míla hafi einnig bent á að einungis væri um ýrtrustu dæmi að ræða þegar bandvidd væri af mjög skornum skammti og að það væri ljóst að xDSL þjónusta þyrfti meiri bandbreidd, a.m.k. í upphafi. Þá væri hægt að beita þessu viðmiði t.d. ef notendur væru orðnir fleiri en 40-50.

2.6.

Um hámark á gagnaflutningsþjónustu

Um það sjónarmið Mílu að ládst hafi að setja fram hámark á gagnaflutningsþjónustu. Vísar Snerpa til þess að fram hafi komið hjá Mílu að þar sem ládst hafi að setja fram hámark á gagnaflutningsþjónustu hafi það valdið misskilningi hjá viðskiptavinum. Mótmælir Snerpa að um hafi verið að ræða einhvern misskilning af sinni hálfu í tengslum við kaup á vörunni. Hámark á gagnaflutning hafi verið sett fram, bæði hvað varðar viðmið pr. tengda heimtaug og einnig hámarksviðmið sem er 155 Mb/s.

2.7.

Um kostnaðargreind verð

Þá mótmælir Snerpa þeirri staðhæfingu Mílu að verð fyrir þjónustuna sé langt undir kostnaðargreindu verði ef Míla afhendir meiri hraða á hvern viðskiptavin heldur en 1 Mb/s. Telur fyrirtækið að þetta rými ekki við verð pr. tengda heimtaug sem hafi greinilega verið kostnaðargreint úr því að á reikningum frá Mílu er verðið pr. heimtaug nú 1.272 en í ákvörðun PFS var samþykkt verðið 1000 kr. pr. tengda heimtaug á meðan ekki lægi fyrir kostnaðargreint verð.

Þá telur Snerpa að það skipti máli hvort miðað sé við 1 Mb/s frá og með fyrstu heimtaug eða hvort sú viðmiðun tekur við eftir að tilteknum notendafjölda hefur verið náð. Áður hafi komið fram að Míla sé að afhenda „afgangsbandvidd“ og að varan sé ekki afhent nema ekki þurfi að fjárfesta í kerfum eða að það þurfi að fjárfesta í kerfum vegna hennar að hámarki 500.000. Kostnaður við að afhenda bandvidd með þessum skilyrðum hljóti að vera lægri en að afhenda bandvidd sem háð er þjónustuviðmiðum í viðmiðunartilboði um afgreiðslufrest.

2.8.

Um fjárfestingar

Hvað varðar hugsanlegar auknar fjárfestingar Mílu þá vitnar Snerpa til fundar sem fyrirtækið átti með söludeild Mílu:

„Á fundi söludeildar Mílu með Snerpu 5 september sl. kom t.d. fram að vegna þess að Snerpa var með í notkun [...] Mb/s stofnsambands milli Flateyrar og Ísafjaraðar skv. þessari þjónustuleið stæði Míla nú frammi fyrir því að þurfa að fara í fjárfestingar til að geta afgreitt [...] pantanir á þessari leið. Skv. þessu dæmi mætti segja að kaup Snerpu á vörunni hefðu orðið þess valdandi að Míla þyrfti í þessu tilfelli að leggja í fjárfestingu vegna annarra pantana sem komu á eftir. Hins vegar þegar starfsmenn söludeildar voru spurðir að því hvort Míla hefði haft til reiðu nægjanlega bandbreidd fyrir þessar [...] pantanir ef Snerpa hefði ekki keypt vöruna þá kom fram að það hefði ekki breytt neinu, þessar þrjár pantanir væri ekki hægt að afgreiða án þess að uppfæra bandbreidd til Flateyrar, þ.e. að fjárfesta. Samkvæmt þessu er þó ljóst að einu dæmin sem hafa komið upp um að sala á þessari vöru leiddi til

óbeinnar þarfar á fjárfestingu standast ekki þar sem þróun á fjarskiptamarkaði bendir eindregið í þá átt að öll stofnkerfi þurfi að uppfæra í afkastagetu á einum eða öðrum tímapunkti.“

Jafnframt vitnar Snerpa til eftirfarandi orðalags í erindi Mílu:

„sem dæmi hafa viðskiptavinir pantað 20-30 Mb/s Ethernetsamband fyrir fyrirtæki og hyggjast nota það til þess að veita fyrirtækjum 20-30 Mb/s þjónustu. Miðað við þessar forsendur gætu einungis 7 fyrirtæki verið á 155 Mb/s sambandi og engir einstaklingar. Þetta grafi undan viðskiptamódeli Mílu sem einungis fengi þá um 8.000 kr. fyrir 155 mb/s samband. Það leiði augljóslega til undirverðlagningar á sambandinu.“

Telur Snerpa ofangreind dæmi ekki eiga sér neina stoð í raunveruleikanum og vísar til nokkurra dæma því til stuðnings.

2.9.

Um að varan sé ekki ætluð fyrirtækjum

Í athugasemdum Snerpu um þennan lið þá kemur fram að xDSL þjónusta geti aldrei verið með þeim fyrirvörum að sú þjónusta verði eingöngu seld til einstaklinga eða heimila. Míla hlýtur samkvæmt því að eiga við að „sérlausnir á ethernet“ sé vara sem eingöngu eigi að vera seld til fjarskiptafyrirtækja, þ.e. ekki beint til fyrirtækja sem hyggjast nota vöruna til að uppfylla eigin þarfir en ekki til endursölu. Sé þetta reyndin, þá er Snerpa sammála því mati Mílu að varan skuli einungis seld til þeirra sem ætla sér að leysa fjarskiptaparfir minni sveitarfélaga, með almennum lausnum eins og xDSL sem sé þjónusta sem er seld í endursölu. Komi þetta ekki nægjanlega fram í forsendum, sem Snerpa er ekki viss um, þá er sjálfsagt og eðlilegt að PFS taki ákvörðun um það að varan sé einungis ætluð sem aðföng til endursölu hjá fjarskiptafélögum.

Að mati Snerpu sé þessi sérlausn grundvöllurinn fyrir því að fyrirtæki eins og Snerpa geti farið af stað með almennar fjarskiptalausnir eins og xDSL í smærri byggðarkjörnum. Ef hennar nyti ekki við, hefði ekki verið farið í þá uppbyggingu sem Snerpa fór í með þeirri niðurstöðu að fjórir byggðarkjarnar eigi nú kost á fjarskiptaþjónustu sem ekki hafi verið í boði áður. Ef verð á þjónustu Snerpu á þessum stöðum væri haft hærra vegna hærri stofnkostnaðar þá gætu þessir aðilar ekki nýtt sér þjónustuna þar sem hún væri þá of kostnaðarsöm.

Jafnframt bendir Snerpa á að þessu sérlausn hafi þau áhrif á tekjuflæði Mílu að auk tekna vegna vörunnar einnar og sér sköpuðust nýjar tekjur vegna aðgangs að tengigrind og hýsingar á viðkomandi stöðum auk þess sem leigðar hafi verið sérlínur (heimtaugar) á viðkomandi stöðum og að tekjur Mílu myndu fara hækkandi vegna fjölgunar viðskiptavina.

Samanburður við hefðbundna leigulínuverðskrá sýni að við að fella vöruna úr viðmiðunartilboði myndi í tilfelli Snerpu hækka rekstrarkostnað vegna stofnsambanda um meira en [...] % og heildar rekstrarkostnað um [...] % bendir til þess að slíkt yrði algerlega óviðunnandi fyrir Snerpu og leggja á fyrirtækið mjög íþyngjandi skerðingu á afkomu þess. Hins vegar hafi ekki verið sýnt fram á neinn hækkaðan rekstrarkostnað hjá Mílu við að varan sé áfram í boði.

2.10.

Kröfur Snerpu

Snerpa leggst skv. framansögðu gegn því að varan verði felld úr viðmiðunartilboði. Snerpa getur fallist á að í viðmiðunartilboði verði bætt eftirfarandi skilmála sem miði að því að skýra betur tilgang vörunnar og hindra mistúlkanir við lestur viðmiðunartilboðsins.

-sérlausnir á etherneti eru eingöngu til sölu til þeirra fjarskiptafyrirtækja sem hyggjast nýta lausnina til að bjóða fram almennar fjarskiptalausnir til sölu á viðkomandi stað og samnýta stofnsambandið fyrir alla viðskiptavinum sem tengjast um það. Með almennum fjarskiptalausnum er átt við að þær skuli vera í almennri sölu til hvers þess sem getur nýtt sér þær.

Til vara krefst Snerpa þess að, verði varan felld úr viðmiðunartilboð, þá verði tekið tillit til þeirrar aðstöðu sem Snerpa er í varðandi forsendur við ákvörðun við fjárfestingu í búnaði auk langtímasamninga og eðlilegs afskriftartíma búnaðar. Míla skuli selja Snerpu lausnina áfram á þeim stöðum sem hún hefur verið sett upp á, með þeim framtíðarstækkunum sem kann að verða þörf á og framkvæmanlegar eru skv. nógildandi skilmálum þar til Snerpa óskar að færa viðkomandi stofnsamband yfir á almenna leigulínu.

III. Niðurstaða

1.

Almennt

Í ákvörðun PFS nr. 14/2011 um kostnaðargreiningu Mílu ehf. á gjaldskrá fyrir leigulínur er rakið upphaf þess að Míla hóf að bjóða svokallaða „sérlausn á Eterneti“ þar segir m.a. í kafla 4.29:

„Míla sendi PFS upphaflegt erindi, dags. 11. nóvember 2009, þar sem kom fram að vaxandi eftirspurn væri eftir leigulínum til minni staða vegna gagnasambanda svo sem eins og ADSL. Ennfremur að núverandi verðskrá fyrir leigulínur hamli því að þessum stöðum verði þjónað. Til að verða við þessum óskum hefði Míla í hyggju að bjóða fjarskiptafyrirtækjum upp á tekjuskiptingu, þannig að viðkomandi fjarskiptafyrirtæki greiði Mílu 1.000 kr. á mánuði fyrir hvern notanda í aðgangsneti.

Fram koma að þjónusta Mílu væri fólgin í því að koma hæfilega bandbreiddu sambandi frá næsta hnútpunkti en bandbreidd sambandsins, sem og upphaf og endir, væri háð samningi aðila. Þá áskildi Míla sér rétt til að hafna tengingu ef innviðir væru ekki til staðar og þörf væri á verulegri fjárfestingu, en ef fjárfesting færi yfir 500 þús. kr. á hverjum stað yrði litið á það sem verulega fjárfestingu.“

Jafnframt kom fram að tilboðið næði til staða sem hefðu færri en 200 notendur, að ávinningurinn væri sá að fjarskiptafyrirtæki gætu boðið þjónustu á þessum svæðum og neytandinn fengi háhraðaðþjónustu og um væri að ræða jafnaðargjald.

Um leiguverð á stofnsamböndum sagði Míla m.a.

„Útreikningur á leiguverði í stofnsamböndum byggði á föstu gjaldi pr. línu og gjaldi háð vegalengd. Um er að ræða jafnaðargjald, þ.e. sama verð um allt land. Þessi uppbygging á verðskrá hefði verið talin sanngjörn, en á henni þó sá galli að leigulínur til fámennra byggðalaga væru hlutfallslega dýrar, þar sem færri stæðu undir kostnaðinum en í fjölmennari byggðalögum.“

Í kafla 4.32 í ákvörðun PFS nr. 14/2011 er fjallað um forsendur fyrir verðlagningu „sérlausnar á Etherneti“, þar kemur m.a. fram:

„Niðurstaða PFS er að ákvarða verð fyrir viðkomandi sérlausn Mílu með þeim hætti að byggt er á hinni nýju verðskrá Mílu fyrir 45-155 Mb/s stofnlínusambönd. Ein af forsendum PFS er að „sérlausnir á Etherneti“ Mílu sé verðlögð með þeim hætti að hún geti að jafnaði ekki verið hagkvæmari kostur, en samband skv. almennri verðskrá, ef fjöldi tenginga til endanotenda eru 200 eða færri á einstökum stöðum.

Helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á verði hvers notanda eru eftirfarandi:

- Miðað er við að notaðar séu 45 og 155 Mb/s stofnlínur.
- Stuðst er við almenna verðskrá.
- Notaður er heildarfjöldi línugilda 45 og 155 Mb/s lína.
- Reiknað er hlutfallslegur fjöldi 45 Mb/s lína annars vegar og 155 Mb/s lína hins vegar.
- Reiknuð er meðalvegalengd 45 Mb/s lína annars vegar og 155 Mb/s lína hins vegar.
- Verð fyrir meðalsamband er reiknað fyrir 45 Mb/s línu annars vegar og 155 Mb/s hins vegar.
- Reiknað er vegið meðalverð 45 Mb/s og 155 Mb/s lína á mánuði.
- Gert er ráð fyrir að bandbreidd á tengda línu sé að lágmarki 1 Mb/s á hvern notanda.
- Gert er ráð fyrir að um eðlilegt yfirbókunarhlutfall geti verið að ræða.“

Niðurstaða kostnaðargreiningarinnar varð því sú að verð á notenda var ákveðið 1.272 kr. á mánuði án vsk., sbr. liður 1.3., í viðauka 2b verðskrá leigulína í aðgangsneti.

Í niðurlagi ákvörðunar PFS segir hins vegar eftirfarandi:

„Ljóst er að þessi þjónusta er seld á öðrum grundvelli en önnur leigulínuþjónusta Mílu og því nauðsynlegt að tryggja sem best að hún raski ekki samkeppni á leigulínumarkaði. PFS mun fylgjast með reglubundnum hætti með umfangi og þróun þjónustunnar. Í því skyni skal Míla senda PFS árlega yfirlit yfir seldar tengingar þar sem fram komi m.a. þjónustuaðili, staðsetning, stærð tenginga og fjöldi. Einnig komi fram upplýsingar um fjárfestingar Mílu vegna þessarar þjónustu á hverjum stað fyrir sig ef um slíkt er að ræða.“

2.

Viðauki 2b verðskrá leigulína í aðgangsneti

Í viðauka 2b verðskrá leigulína í aðgangsneti, dags. 1. mars 2012 er að finna hinn umdeilda skilmála Mílu í tengslum við sérlausn á Etherneti. Í grein 1.3. kemur fram að mánaðarverð sé kr. 1.272, og stofnverð 2.950, sbr. umfjöllun í kafla 1 hér að ofan, sbr. ákvörðun nr. 14/2011, þar sem gjaldið var kostnaðargreint út frá tilteknum forsendum. Í grein 2.6. í sama viðauka koma fram þeir skilmálar sem Míla ákvað að giltu um þjónustuna og samþykktir voru af hálfu PFS í ákvörðun nr. 2/2011, en þeir hljóða svo:

„Í tengslum við aðgang að heimtaug á þeim stöðum sem koma fram í viðauka þessum; skrá yfir tengistaði, býður Míla upp á gagnasambönd frá næsta hnútpunkti leigutaka að búnaði þeim sem tengist heimtaugum. Um er að ræða lausn sem lýtur að því að leysa fjarskiptaþarfir minni sveitarfélaga.

Þjónusta Mílu felst í að koma hæfilega bandbreiddu sambandi frá næsta hnútpunkti að búnaði leigutaka sem tengist heimtaugum en bandbreidd sambandsins, sem og upphaf og endir, er háð samningi aðila. Gagnasambandið getur verið allt að 155 Mbit/sek. Miðað er við að bandbreidd á tengda línu sé ekki lægra en 1 Mbit/sek á hvern tengdan notanda hjá leigutaka. Verð fyrir þessa þjónustu miðast við fjölda heimtauga sem tengjast gagnasambandinu.

Tengingar leigutaka á tengiskilum Mílu geta verið um ADSL, ljósnet eða þráðlaus sambönd. Um er að ræða takmarkaða bandbreidd.

Samningurinn tekur eingöngu til þeirra staða þar sem þjónustusali þarf ekki að fara í verulegar fjárfestingar. Þjónustan er einungis í boði á stöðum er fram koma í listanum hér á eftir. Þá áskilur þjónustusali sér rétt til að hafna tengingu ef innviðir eru ekki til staðar. Áætlað er að þetta tilboð nái til svæða þar sem um er að ræða færri en 200 notendur (ca. 140 staðir). Þjónustusali getur hafnað tengingu ef notkun sambandsins er ekki í samræmi við framangreint.

Skrá yfir tengistaði er að finna í viðauka 6. “

3.

Afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Hér á eftir verður gerð grein fyrir afstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar varandi beiðni Mílu um að fella Viðauka 7 „Sérlausnir á Etherneti“ út úr viðmiðunartilboði félagsins sem samþykkt var með ákvörðun PFS nr. 2/2011.

Mál þetta er um margt sérstakt þar sem Míla sækir nú um að fella niður ákveðna þjónustu/lausn sem áætlað var að koma til móts við ákveðna þörf fyrir bandbreiddari tengingar á minni stöðum út á landi og nýta til þess að sögn fyrirtækisins vannýtta bandbreidd.

Þau sjónarmið sem PFS telur rétt að horft sé til í þessu sambandi eru einkum:

Það heiti sem Míla gaf vörinni þ.e. „sérlausnir á Etherneti“ en með vörinni var ætlunin að koma tímabundið til móts við tiltekna afmarkaðar þarfir sem skapast höfðu á tilteknum stöðum í nokkrum af minni þéttbýliskjörnum landsins. Af gögnum málsins verður ekki séð annað en að hér hafi fyrst og fremst verið ætlunin að leysa þörf einstaklinga fyrir bandbreiddari sambönd á þeim stöðum þar sem hefðbundin ADSL þjónusta var ekki til boða m.a í þeim tilgangi að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptaþjónustu eins og fram kemur í forsendum PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 2/2011. Ekki var ætlunin með þessu að hálfu forsvarsmanna Mílu að viðkomandi lausn yrði notuð til að hægt yrði að bjóða fyrirtækjum/stofnunum fjarskiptalausnir og/eða þjónustu á grundvelli þessarar vöru. Að mati PFS eru einkum þrjú sjónarmið sem styðja þessa ályktun stofnunarinnar. Í *fyrsta lagi* var miðað við að bandbreidd á tengda línu yrði ekki lægra en 1 Mbit/sek á hvern tengdan notanda hjá leigutaka og í því fólst m.a. að notendur þyrftu að þola skerðingu á bandbreidd í samræmi við fjölda notanda hverju sinni. Af þessari takmörkun má að mati PFS draga þá ályktun að ekki var ætlunin að hægt yrði að þjónusta aðila í gegnum þessar tengingar sem að jafnaði þyrftu mikla bandbreidd í sinni starfsemi. Í *öðru lagi* liggur einnig fyrir að sú bandvídd sem ætlunin var að nota á viðkomandi stað var mjög takmörkuð af því leiðir að ekki var ætlunin að stórir aðilar myndu taka upp þá bandbreidd sem var í boði með þeim takmörkunum sem af því myndi leiða fyrir aðra notendur sambandsins. Í *þriðja lagi* verðlagning þjónustunnar, þar sem gert er ráð fyrir að gjald fyrir hverja tengingu er einungis 1.272 kr. án vsk. Í þessari verðlagningu fólst eðli málsins samkvæmt takmörkun á þeirri bandbreidd sem notendur máttu gera ráð fyrir að þeim stæði til boða miðað við þær forsendur sem lágu til grundvallar þessari lausn hjá Mílu. Vandséð er að stórir aðilar/notendur gætu sætt sig við slíkar takmarkanir á þjónustu.

Að mati PFS var því tilgangur skilmálans að koma til móts við þarfir „lítilla“ notanda, þ.e. neytenda, sbr. einnig umfjöllun PFS í ákvörðun nr. 14/2011, þar sem verð fyrir „sérlausn á Etherneti“ var kostnaðargreind. PFS telur því að ekki hafi verið ætlunin með þessari lausn að

gefa fjarskiptafyrirtækjum tækifæri til að notast við lausnina með þeim hætti sem Snerpa gerði, þ.e. að bjóða fyrirtækjum/stofnunum þjónustu í gegnum „sérlausn á Etherneti“.

Þá telur PFS einnig að þær takmarkanir sem Míla setti inn í skilmála þjónustunnar hafi verið settar fram í þeim tilgangi að takmarka mögulegan notendahóp og í raun einskorða hann við einstaklinga á þeim stöðum sem um var að ræða, sbr. t.d. skilyrðið um allt að 200 notendur, takmörkun á bandbreidd, enda má leiða að því líkur að margir stórir viðskiptavinir myndu fljótt fylla þá bandbreidd sem í boði er á viðkomandi stöðum og þá um leið takmarka möguleika Mílu enn frekar á að selja viðkomandi lausn, forsenda Mílu um allt að 200 notendur á hverjum stað þar sem hverjum og einum notanda er einungis tryggt 1 Mb/s að lágmarki. Þessi forsenda stenst ekki ef nokkrir stórir aðilar taka upp alla fyrirbyggjandi bandbreidd á hverjum stað, auk þess sem slíkt leiðir m.a. til þess að forsendur Mílu fyrir verðlagningu bresta.

Eins og sjá má af forsendum PFS fyrir verðlagningu þjónustunnar, sem vitnað er til hér að ofan, var gengið út frá því að tengingarnar yrðu einungis notaðar á einstaklingsmarkaði, sbr. t.d. forsenda um tryggða lágmarksbandbreidd, um stærð sambanda og verðlagning á sambandinu. Ef verðlagning á „sérlausn á Etherneti“ er t.d. borin saman við heildsöluverðskrá Símans á bitastraumsaðgangi, sem gildir frá 22. febrúar 2013, þá má finna sambærilegt verð í aðgangsleið 3, þar sem mánaðarverð fyrir ADSL 1 Mb/s er kr. 1.289. Til samanburðar þá er gjaldskrá Símans fyrir fyrirtækjateningar í kafla 2 frá kr. 3.016 til allt að 16.701 allt eftir því hvaða hraði er valinn. Að mati PFS má af þessum samanburði einnig draga þá ályktun að ekki var ætlunin að þessar tengingar yrðu notaðar til að selja fyrirtækjum/stofnunum fjarskiptaþjónustu byggða á „sérlausnum á Etherneti“ með þeim hætti sem Snerpa gerði með því að bjóða upp á bandbreiddari sambönd í gegnum tengingarnar eða þjónustu þar sem ætla mæti að notkun notandans væri meiri en almennt væri hjá einstaklingum. Tengingar inn til sveitarfélaga geta tæplega talist falla innan þeirra marka sem takmörkun Mílu á þjónustunni fjallar um. Notkun Snerpu á tengingunum var með þeim hætti að í reynd var verið að draga úr möguleikum Mílu á að selja tengingar í gegnum þessa lausn enda í raun verið að selja sambandið undir kostnaðarverði.

Að mati PFS er því þjónusta Snerpu til þeirra fyrirtækja/stofnanna/sveitarfélaga sem lýst er í umsögn fyrirtækisins ekki í samræmi við tilgang og tilurð þessarar sérlausnar eins og henni hefur verið lýst af hálfu Mílu.

Hins vegar verður ekki litið framhjá því hvernig framsetning skilmálans var hagað og hvaða merkingu var hægt að leggja í texta hans samkvæmt orðanna hljóðan, en ekki var að finna takmörkun með skýrum hætti hvað varðar hámarks bandbreidd en þó er ljóst að bandbreidd eða stærð tengingar hvers notanda er háð fjölda þeirra hverju sinni og stærð fyrirbyggjandi gagnasambands á viðkomandi stað. Jafnframt kom ekki fram með skýrum hætti hverjum stæði þjónustan til boða, þ.e. hvort hún væri skilyrt við einstaklingsmarkað eða hvort hún tæki jafnframt til fyrirtækja til endursölu. Jafnframt virðist sem Snerpa hafi á öllum stigum málsins haldið Mílu upplýstri um hvaða fyrirætlanir fyrirtækið hafði, ef farið yrði að bjóða upp á vöruna „sérlausnir á Etherneti“. Þannig hafi starfsmenn Mílu upplýst fyrirtækið um hvað væri mögulegt og hvað ekki. Virðist því hafa verið töluvert sambandsleysi varðandi það hvernig forsvarsmenn fyrirtækisins hugsuðu þessa lausn og því hvernig hún var kynnt af starfsmönnum fyrirtækisins sem sáu um samskipti þess við Snerpu og verður Míla því að einhverju leyti að bera hallann af því.

Verður því að álíta að Snerpa hafi að einhverju leyti verið í góðri trú þegar fyrirtækið hóf undirbúning að því að bjóða sveitarfélögum á svæðinu fjarskiptaþjónustu á grundvelli „sérlausnar á Etherneti“ með vísun til þess þykir PFS eðlilegt að fyrirtækið fái einhvern aðlögunartíma áður en „sérlausn á Etherneti“ verður felld út úr viðmiðunartilboði Mílu.

Með vísun til alls ofangreinds hyggst PFS fallast á það með Mílu að ekki hafi verið ætlunin að varan „sérlausnir á Etherneti“ væri notuð með þeim hætti sem Snerpa gerði, þ.e. að bjóða bandbreiða þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi stöðum, heldur hafi ætlunin á sínum tíma verið að koma til móts við þarfir notenda á einstaklingsmarkaði, sbr. t.d. umfjöllun PFS um verðlagningu á „sérlausn á Etherneti“ í ákvörðun PFS nr. 14/2011, en þar er berum orðum vikið að ætlunin sé að koma til móts við eftirspurn á notendamarkaði, með því að gefa fjarskiptaþjónustujum kost á að bjóða fjarskiptaþjónustu á viðkomandi svæðum.

PFS telur hins vegar með hliðsjón af atvikum öllum í málinu að umrædd þjónustuleið verði ekki lögð niður gagnvart Snerpu og hugsanlega öðrum núverandi samningsaðilum Mílu fyrr en að liðnum þremur árum frá gildistöku síðasta samnings Snerpu við Mílu sem gerður var á grundvelli „sérlausnar á Etherneti,“ en sá frestur spannar samningstíma samningsins samkvæmt því sem fram kemur í máli Snerpu. Samkvæmt gögnum málsins var gengið frá síðasta samningi þann 24. ágúst 2011. Viðskipti sem umræddir samningar taka til skulu því áfram gilda að óbreyttu samkvæmt skilmála þjónustuleiðarinnar „sérlausn á Etherneti“ til þriggja ára frá því tímamarki eða til 24. ágúst 2014. Sama tímamark skal gilda fyrir aðra hugsanlega samningsaðila Mílu á grundvelli skilmálans, nema að þeir geti með viðskiptasamningi sannað betri rétt um lengri gildistíma skilmálans gagnvart sér. Með þeim hætti telur stofnunin að komið sé til móts við sjónarmið Snerpu ehf., sbr. þær fjárfestingar sem fyrirtækið fór í, og þá viðskiptasamninga sem gerðir voru á grundvelli þeirra.

Ákvörðunarorð

Mílu ehf. er heimilt að fella út úr viðmiðunartilboði félagsins, frá og með birtingardag ákvörðunar þessarar, „Viðauka 2b verðskrá leigulína í aðgangsneti“ skilmála 1.3. þar sem kveðið er á um verð fyrir tengingu og skilmála 2,6, sem ber heitið „skilmálar fyrir sérlausnir á Ethernet“.

Snerpu ehf. er heimilt að halda óbreyttum kjörum og skilmálum til 24. ágúst 2014 vegna þeirra pantana sem gerðar voru hjá Mílu fram til 7. september 2011. Sama tímamark skal gilda gagnvart öðrum hugsanlegum samningsaðilum Mílu ehf. á grundvelli skilmálans, nema að þeir geti með viðskiptasamningi sannað betri rétt sinn til lengri gildistíma skilmálans gagnvart sér.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 15. mars 2013

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson